

1 Samantekt

Í þessari ritgerð er fjallað um stýringu á erlendum eignum og skuldum ríkissjóðs Íslands og skoðað hvernig koma má á skýrari eigna- og skuldastýringu (e. asset and liability management, ALM). Til hliðsjónar er stýring nokkurra annarra landa.

Meginefni ritgerðarinnar skiptist í 8 kafla. Fyrst er skilgreint hvað er eigna- og skuldastýring, áhrif hennar á efnahagsreikning og hlutverk hennar sem varnartækis. Í 5. kafla er farið yfir helstu áhættuþætti sem hafa áhrif á stýringu safna fjármálafyrirtækja og um leið þjóðríkja. Skoðaðir eru helstu eiginleikar markaðsverðs. Þá er litið á hvernig finna má greiðsluflæði skuldabréfa og hugtakið meðaltími kynnt, en meðaltími er mikið notaður mælikvarði á vaxtaáhættu. Í framhaldi af því er skilgreindur annar áhættumælikvarði, fé í húfi, og helstu eiginleikar hans.

Í 8. kafla er skilgreint hvað átt við með erlendar eignir og erlendar skuldir og helstu þætti sem þjóðríki horfa til við stýringu þeirra. Skoðað er hverjir stjórna eignum og skuldum og af hverju sum ríki skulda þrátt fyrir að hrein eignastaða þeirra sé jákvæð. Í 9. kafla er farið yfir stöðu erlendra eigna og skulda ríkissjóðs Íslands. Báðum söfnum er stýrt af Seðlabanka Íslands. Uppbygging efnahagsreiknings Seðlabankans er skoðuð og hvert lögbundið hlutverk bankans er varðandi umsýslu erlendra eigna og -skulda. Í lokin er skoðuð er stýring erlendra eigna og skulda hér á landi og hvernig hún hefur tekið breytingum á síðustu misserum og með hvaða hætti má láta greiðsluflæði safnanna passa saman og hvaða kosti það hefur í för með sér.

Gerður Ísberg